

**13. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 20. mars 2019 klukkan 8:30**

Mættir voru: Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, Brynja J. Jónasdóttir, Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Gíslason og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

Fundargerð var færð í tölvu og hana ritaði Valtýr Valtýsson.

Ásta B. Ólafsdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna og kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundar. Engar athugasemdir voru gerðar. Lögð fram tillaga að dagskrárbreytingu að inn komi einn nýr dagskrárliður, nr. 8.11. Samþykkt samhljóða.

Sigurður Hreinsson, aðstoðarmaður skipulagsfulltrúa UTU, mætti á fund hreppsnefndar til að kynna sig.

**1. Bjarni Jónsson og Sveinn Runólfsson koma á fund hreppsnefndar og kynna Votlendissjóðinn.**

Bjarni Jónsson og Sveinn Runólfsson mættu á fund hreppsnefndar Ásahrepps undir þessum dagskrárlið. Þeir kynntu starfsemi og verkefni Votlendissjóðsins. Eftir kynninguna urðu umræður og svöruðu þeir Bjarni og Sveinn fyrirspurnum. Hreppsnefnd þakkar þeim Bjarna og Sveini greinargóða kynningu á sjóðnum.

**2. Fundargerðir til samþykktar:**

2.1. 1. fundur samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps.  
Fundargerð staðfest samhljóða.

2.2. 172. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 19-95. Mál nr. 1; Svartibakki (L226853); Umsókn um takmarkað byggingarleyfi; Graftarleyfi – 1902031.  
Elín Grétarsdóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa dagskrárliðar. Fyrir liggur umsókn Svartabakka dags. 13.02.2019 móttakin sama dag um takmarkað byggingarleyfi, leyfi til að jarðvegsskipta undir fyrirhugaðri skemmu á lóðinni Svartibakki (L226853) í Ásahreppi. Ekki liggur fyrir gildandi deiliskipulag af spildunni.  
Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar, að fela byggingarfulltrúa að gefa út takmarkað byggingarleyfi, sem einskorðast við jarðvegsskipti vegna aðkomu og jarðvegsskipti undir fyrirhugað húsi. Búið er að grenndarkynna fyrirhugaða framkvæmd til samræmis við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 13; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19-95 – 1902003F.  
Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20.02 2019 lagðar fram til kynningar.

2.3. Fundur Oddvitanefndar UTU, 27. febrúar 2019.  
Lögð var fram fundargerð oddvitanefndar UTU frá 27. febrúar s.l. vegna seyruverkefnisins. Farið var yfir niðurstöðu tilboða í aðstöðuhús á Seyrustöðum, gjaldskrá Seyrustaða 2019, samninga um hreinsun rotþróa á erfiðari svæðum, beiðnir fyrirtækja um losun og fyrirkomulag kostnaðarskiptingar.  
Fjögur tilboð bárust í aðstöðuhúsið. Frá Landstólpa kr. 60.904.739, Byko kr. 46.197.010, Jötunn Byggingum kr. 75.274.961 og Hús og stigum kr. 69.200.000. Í tilboði Byko var ekki gert ráð fyrir uppsetningu hússins og var fallið frá því. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir, fyrir sitt leyti, að gengið verði að tilboði

Landstólpa um aðstöðuhúsið. Jafnframt verði leitað hagkvæmustu leiðar, samning eða útboð, við gerð grunns undir húsið og byggingarstjórn.

Þá samþykkir hreppsnefnd Ásahrepps, fyrir sitt leyti, gjaldskrá fyrir árið 2019 og fundargerðina að öðru leyti.

2.4. 173. fundur skipulagsnefndar.

Mál nr. 24; Afgreiðslur byggingarfulltrúa 19-96.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa 19-96 lagðar fram til kynningar.

2.5. 60. fundur stjórnar byggðasamlags UTU.

Í öðrum dagskrárlið fundargerðar gerir stjórn tillögu um að starfsemi tæknisviðshluta embættisins verði hætt og samþykktir Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs verði endurskoðaðar. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir tillögu stjórnar fyrir sitt leyti.

2.6. 61. fundur stjórnar byggðasamlags UTU.

Í öðrum dagskrárlið leggur stjórn til að sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna samþykki að gerðar verði þær breytingar innan starfsmannahóps embættisins að Davíð Sigurðsson verði byggingarfulltrúi en Rúnar Guðmundsson verði áfram skipulagsfulltrúi embættisins og byggingarfulltrúi í forföllum Davíðs Sigurðssonar. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir tillögu stjórnar fyrir sitt leyti.

**3. Fundargerðir til kynningar:**

3.1. 8. fundur stjórnar Odda bs.

3.2. 9. fundur stjórnar Odda bs.

3.3. 36. fundur stjórnar Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rang. og V-Sk.

3.4. 37. fundur stjórnar Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rang. og V-Sk..

3.5. 59. fundur stjórnar byggðasamlags UTU.

3.6. Aðalfundur Bergisans bs, 18. janúar 2019.

3.7. 277. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

3.8. 278. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

3.9. 194. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

3.10. 868. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

3.11. 544. fundur stjórnar SASS.

**4. Erindi Skipulagsstofnunar, dags. 21. febrúar 2019; beiðni um umsögn vegna Lækjartúnslínu 2.**

Landsnet áformar að byggja 220 kV tengivirki undir Búrfellslínu 2, í landi Lækjartúns 2 í Ásahreppi, skammt austan Þjórsártúns. Einnig er áformað að Selfosslína 2 verði sett í jörð á um 16 km löngum kafla á milli Hellu og Lækjartúns 2. Strengurinn verður allt að 132 kV og mun kallast Lækjartúnslína 2. Selfosslína 2 verður tengd við tengivirkið með um 1 km jarðstreng. Í kjölfarið verður Selfosslína 2, rifin á kaflanum frá Lækjartúni að Hellu.

Landsnet hefur sent Skipulagsstofnun tilkynningu, dagsetta í febrúar 2019, um ofangreinda framkvæmd skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Hreppsnefnd Ásahrepps hefur borist bréf frá Skipulagsstofnun dags. 21 febrúar 2019, þar sem óskað er, í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum, eftir umsögn hreppsnefndar Ásahrepps um hvort

og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Óskað er eftir að í umsögn komi fram eftir því sem við á, hvort Ásahreppur telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Þá er óskað eftir að í umsögn komi fram eftir því sem við á, hvaða leyfum framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Hreppsnefnd Ásahrepps telur að Landsnet hafi með greinargerð um matsskyldu-fyrirspurn gert nægilega grein fyrir helstu framkvæmda- og rekstrarþáttum fyrirhugaðrar framkvæmdar, líklegum umhverfisáhrifum og áðgerðum sem stefnt er að til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

Hreppsnefnd telur að þar sem um jarðstreng sé að ræða þá muni verða lítil sem engin sjónræn áhrif vegna framkvæmdarinnar til lengri tíma lítið. Ávinningurinn sé augljós, þ.e. varanleg jákvæð sjónræn áhrif við að fella niður og rífa Selfosslínu 2.

Framkvæmdin er háð eftirfarandi leyfum og forsendum:

- Fyrirliggjandi löggild breyting á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022 vegna Lækjartúnslínu 2.
- Fyrirliggjandi löggilt deiliskipulag vegna tengivirkis í landi Lækjartúns.
- Framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga nr.123/2010, útgefið af skipulagsfulltrúa Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita.
- Byggingarleyfis vegna tengivirkis í Lækjartúni útgefið af byggingarfulltrúa Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita.
- Nauðsynlegt er að allir landeigendur á lagnaleið gefi samþykki fyrir framkvæmdinni.
- Orkustofnun gefi út leyfi vegna nýs flutningsvirkis.
- Fiskistofa gefur út leyfi vegna mannvirkjagerðar við ár og vötn skv. lögum nr. 61/2006 um lax og silungsvæði m.s.br.

Niðurstaða hreppsnefndar Ásahrepps er að framkvæmdin í heild sé ekki þess eðlis að það kalli á mat á umhverfisáhrifum.

## 5. Drög að erindisbréfum fyrir fastanefndir Ásahrepps.

Lögð voru fram drög að erindisbréfum fyrir þrjár fastanefndir Ásahrepps:

- Atvinnu-, jafnréttis- og ferðamálanefnd Ásahrepps
- Umhverfisnefnd Ásahrepps
- Kjörstjórn Ásahrepps

Umræða varð um fyrirliggjandi drög að erindisbréfum. Hreppsnefnd samþykkir samhljóða fyrirliggjandi erindisbréf og felur sveitarstjóra að birta þau á heimasíðu hreppsins. Einnig að þau verði send þeim einstaklingum sem sitja þessar nefndir og ásamt skipunarbréfi og útdrátt úr samþykktum Ásahrepps sem lítur að framkvæmd funda nefnda og skyldum nefndarmanna.

## 6. Þingmál til umsagnar:

6.1. Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis, dags. 11. mars 2019; frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum (þingmál 90).

Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis þar sem hreppsnefnd er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir engar athugasemdir við fyrirliggjandi frumvarp.

6.2. Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis, dags. 27. febrúar 2019; tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi er varðar uppkaup á landi. Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis þar sem hreppsnefnd er gefinn kostur á að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi er varðar uppkaup á landi. Hreppsnefnd Ásahrepps gerir engar athugasemdir við fyrirbyggjandi tillögu að þingsályktun.

**7. Drög að persónuverndaryfirlýsingu Ásahrepps.**

Lögð fram drög að persónuverndaryfirlýsingu Ásahrepps. Eru þessi framlögðu drög hluti af því verkefni sem samið um við Dattaca Labs ehf. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi drög að persónuverndaryfirlýsingu og felur sveitarstjóra að birta hana á heimasíðu Ásahrepps.

**8. Innsend bréf og erindi:**

8.1. Þjóðgarður á miðhálandi Íslands, - samráð við sveitarfélög.

Lagt fram minnisblað um fund sveitarstjórna og hagaðila með þverpólitískri nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Fundurinn var haldinn 11. janúar 2019 á skrifstofu Ásahrepps. Til fundarins mættu fulltrúar Ásahrepps, Rangárþings ytra og Rangárþings eystra.

Hreppsnefnd Ásahrepps hvetur alla sem hagsmuni hafa á miðhálandi Íslands að fylgjast vel með störfum nefndarinnar og þeim gögnum sem birt verða á samráðsvettvangi stjórnvalda. Allir geta sent inn umsagnir um þau gögn sem birtast á samráðsvettvangnum.

8.2. Bréf Landgræðslu ríkisins, dags. 18. febrúar 2019; afgreiðsla umsóknar til Landbótasjóðs 2019.

Lagt fram bréf Landgræðslu ríkisins þar sem tilkynnt er afgreiðsla umsóknar Ásahrepps til Landbótasjóðs 2019. Í bréfinu kemur fram að ákveðið hefur verið að veita Ásahreppi styrk að upphæð kr. 2.260.000 árið 2019. Gert er ráð fyrir að styrkurinn nýtist í áburðardreifingu á 192 ha landsvæði á Holtamannafrétti. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir að óska eftir tilboðum í áburðarkaup fyrir næsta sumar, vegna dreifingar á Holtamannafrétti.


8.3. Tölvuskeyti Markaðsstofu Suðurlands, dags. 18. febrúar 2019; aðalfundur Markaðsstofunnar og framboð í stjórn.

Lagt fram tölvuskeyti Markaðsstofu Suðurlands þar sem kynnt er að aðalfundur Markaðsstofunnar verður haldinn á Hótel Stracta þann 5. apríl n.k. Fyrir liggur að kjósa þarf tvo fulltrúa í stjórn Markaðsstofunnar og er óskað eftir framboðum til stjórnarsetu fyrir starfsárið 2019/2020.

8.4. Aðalfundarboð; aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga sem haldinn verður 29. mars 2019.

Lagt fram fundarboð vegna aðalfundar Lánasjóðs sveitarfélaga sem haldinn verður þann 29. mars n.k.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri, verði fulltrúi Ásahrepps á fundinum. Jafnframt á sveitarstjórnarfólk rétt á að sækja fundinn.



- 8.5. Tölvuskeyti SASS, dags. 8. mars 2019; tilnefning tveggja kjörinna fulltrúa og eins til vara, til að vinna að gerð svæðisskipulags fyrir Suðurlandshálendið. Lagt fram tölvuskeyti SASS þar sem óskað er eftir tilnefningu tveggja kjörinna fulltrúa úr hreppsnefnd Ásahrepps vegna fyrirhugaðrar vinnu við gerð svæðisskipulags fyrir Suðurlandshálendið. Einnig að tilnefndur verði einn kjörinn fulltrúi sem varamaður.  
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að skipa eftirtalda aðila:  
Aðalmenn: Ásta B. Ólafsdóttir og Egill Sigurðsson.  
Varamaður: Brynja J. Jónasdóttir.
- 8.6. Tölvuskeyti Reynis Ö. Pálmasonar, dags. 6. mars 2019; umsókn um ljósastaura á hlaðið að Miðmundarholti 3 og 4. Lagt fram tölvuskeyti Reynis Ö. Pálmasonar þar sem sótt er um að fá ljósastaura á hlaðið að Miðmundarholti 3 og 4. Hreppsnefnd Ásahrepps bendir á að forsenda þess að hreppurinn setji upp ljósastaura og sjái um rekstur þeirra, er að föst búseta sé til staðar í viðkomandi húsnæði sem staurar eiga að standa við. Hreppsnefnd hafnar framlagðri umsókn.
- 8.7. Bréf SASS, ódagsett, þar sem óskað er eftir svörum hreppsnefndar um helstu forgangsverkefni í samgöngumálum 2019-2028. Lagt fram bréf SASS þar sem óskað er eftir svörum hreppsnefndar um helstu forgangsverkefni í samgöngumálum. Í bréfinu koma fram 6 spurningar. Sveitarstjóra er falið að svara bréfinu í takt við niðurstöðu umræðu hreppsnefndar.
- 8.8. Tölvuskeyti Rangárhallarinnar Rangárbökkum, dags. 3. janúar 2019; beiðni um kaup á auglýsingu. Lagt fram tölvuskeyti Rangárhallarinnar Rangárbökkum þar sem óskað er eftir að hreppsnefnd kaupi auglýsingu, með birtingu á merki hreppsins á ráslistum Suðurlandsdeildarinnar og í sýningarskrá Stórsýningar sunnlenskra hestamanna. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að greiða kr. 25.000 + vsk fyrir birtingu á merki Ásahrepps.
- 8.9. Tölvuskeyti Guðlaugar Ó. Svansdóttur, Háskólafélagi Suðurlands, dags. 14. mars 2019; stefnumörkun fyrir nýja Sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024. Lagt fram tölvuskeyti Guðlaugar Ó. Svansdóttur þar sem kynntur er fyrirhugaður fundur í Rangárvallasýslu sem verður fyrsti áfangi í vinnu við stefnumörkun fyrir nýja Sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024. Sveitarstjóri hefur þegar sent fulltrúum atvinnumálanefndar Ásahrepps skeytið til að halda þeim upplýstum hvað sé á döfinni.
- 8.10. Tölvuskeyti Neistans, dags. 11. mars 2019; styrkbeiðni. Lagt fram tölvuskeyti Neistans, styrktarfélags hjartveikra barna, þar sem óskað er eftir fjárstyrk til útgáfu blaðsins Neistinn, sem fyrirhugað er að verði gefið út 15. maí n.k. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir að veita styrk að upphæð kr. 9.000.
- 8.11. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 15. mars 2019; skerðing á tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Bókun vegna áforma fjármálaráðherra og ríkisstjórnarinnar um að skerða tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Hreppsnefnd Ásahrepps mótmælir harðlega þeim áformum fjármálaráðherra og ríkisstjórnar að skerða framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um a.m.k. 2,8 milljarða á árunum 2020 og 2021. Skerðingin kemur harðast niður á útgjaldajöfnunarframlögum, en þau renna einkum til sveitarfélaga á landsbyggðinni sem hafa mörg hver veikan fjárhag. Skerðingin kemur einnig niður á framlögum til þjónustu við fatlað fólk og getur falið í sér að dregið verði úr þeirri þjónustu.

Aætlað tekjutap sveitarfélaga á Suðurlandi af framlögum til útgjaldajöfnunar og vegna fasteignaskatts er um 505 millj.kr. og vegna málefna fatlaðra 29 millj.kr. Framlög til málefna fatlaðra hafa ekki staðið undir rekstrarkostnaði og bætur þetta ekki stöðu þess málaflokks.

Árið 2015 voru samþykktar leiðréttingar á framlögum til málefna fatlaðra sem námu um 1,5 milljarði króna. Sú niðurstaða var samkomulag sem byggði á löngu og ítarlegu samráðsferli milli ríkis og sveitarfélaga. Að þurrka nánast út með einu pennastriki þann árangur sem þá náðist er í hróplegu ósamræmi við það samstarf við ríkið sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur lagt mikla vinnu í að styrkja á liðnum áratug.

Einhliða ákvörðun ríkisvaldsins af þessu tagi er í andstöðu við það formlega samráðsferli ríkis og sveitarfélaga sem hefur þróast á undanförunum árum og fela áform þessi í sér algeran trúnaðarrest gagnvart sveitarfélögunum í landinu. Ekki getur með nokkrum hætti talist eðlilegt að áhersla á að bæta afkomu ríkissjóðs skili sér í skerðingum á tekjum sveitarfélaganna, sem standa undir mjög stórum hluta almannaþjónustu í landinu.


Hreppsnefnd Ásahrepps krefst þess að áform um skerðingu tekna Jöfnunarsjóðs verði afturkölluð þegar í stað.


## 9. Bréf og erindi til kynningar:


- 9.1. Tölvuskeyti Guðrúnar Aradóttur, félags eldri borgara í Rangárvallasýslu; tilnefning félagsins í Öldungaráð Rangárvallasýslu.
- 9.2. Árshátíð Rangárþings ytra og Ásahrepps, 29. mars 2019 að Laugalandi.


Fundargerð samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:30.


  
Ásta B. Ólafsdóttir

  
Guðmundur Gíslason

  
Brynja J. Jónasdóttir

  
Elín Grétarsdóttir

  
Egill Sigurðsson

  
Valtýr Valtýsson